

„ ... ef rétt virðing er á höfð ... “

Um Þorvald víðförla í Ólafs sögu hinna mestu og víðar
eða hvernig sögur skapa menn

*Bergljót Soffía Kristjánsdóttir
Det arnamagnænske institut
København*

Ólafs saga Tryggvasonar hin mesta (eftirlitðis = ÓsTm) er sem kunnugt er 14. aldar samsteypurit. Hún er kennd Bergi Sokkasyni ábóta og giskað hefur verið á að hann hafi ætlað sér að semja rit um Ólaf Tryggvason, er væri sambærilegt því sem þegar var til um nafna hans helga (sjá t.d. Ólafur Halldórsson 1990:47-8 og 55). Hún er ítarlegasta miðaldaverkið sem Íslendingar eiga um þennan norska konung og má því kallast hápunkturinn á sagnagerð um hann sem höfst sennilega á 12. öld.

Í sögunni eru fjölmargar frásagnir af Íslendingum sem taldir eru tengjast sögu konungs á einn eða annan veg. Meðal þeirra er þátturinn af Húnvetningnum Þorvaldi víðförla Koðránsyni. Hann er í marga staði fróðlegt athugunarefni ekki síst ef hann er skoðaður í heildarsamhengi ÓsTm og því næst í ljósi ýmissa eldri verka sem víkja að Þorvaldi eða félagi hans Friðreki biskupi hinum saxneska.

Prennt stíngur öðru fremur í augu þegar þátturinn er lesinn. Í fyrsta lagi hvað hann er vilhallur Norðlendingum, í öðru lagi hvernig hann kallast á við frásagnir af Ólafi Tryggvasyni og loks hve hann ber skýr einkenni helgisögu.

Norðenska „slagsíðan“ sést strax í upphafi þegar ættir landnámsmannsins Eilífs amar, afa Þorvalds, eru raktar til Bárðar nokkurs jarls — sem ekki eru sögð frekari deili á — og því næst tundaðir ýmsir norðenskir tignarmenn í hópi afkomenda hans og tengdamanna þeirra, þar á meðal Víga-Barði og Guðmundur ríki. Það á m.ö.o. ekki að fara fram hjá neinum að fyrsti íslenski kristniboðinn er ekki neinn venjulegur bóndason heldur norðenskt stórmenni. Síðar kemur fram að Þorvaldi og Friðreki verður töluvert ágennt í kristniboði sínu „norður í sveitum“ en ekkert í Vestfirðingafjórðungi og er þá sérstaklega sagt frá hraklegum viðtökum er þeir fá í Hvammi í Dölum (ÓsTm I 1958:291).¹ Eftirtektarvert er og að þegar nafngreindir eru heiðnir andstæðingar Þorvalds í hópi Norðlendinga, eins og Klaufi Þorvaldsson og Héðinn Þorbjarnarson, fá þeir sumpart jákvæðar einkunnir; Klaufi er „mikils háttar maður“ (ÓsTm I:291-2) en Héðinn „kynstór maður og göfugur þó að heiðinn væri og grimmur“ (ÓsTm I:293). Sambærileg orð eru hins vegar ekki látin falla um heiðingja í Dölum.

Þátturinn af Þorvaldi og frásagnir af Ólafi Tryggvasyni kallast ekki síst á í krafti þess að Íslendingurinn og norski konungssonurinn eiga sitthvað sameiginlegt. Báðir mæta þeir mótlæti í bernsku: Ólafur lendir á hrakningi af því að ráðamenn vilja hann feigan líkt og Móse og Jesú forðum meðan Þorvaldur er afskipti sonurinn sem nýtur lítillar föðurhylli en rís áður yfir lýkur úr öskustó. Spákonur segja fyrir um framtíð beggja (Þórdís á Spákonufelli — móðir Garðakonungs) og báðir halda þeir ungrir í víking, vinna mikil stórvirki og afla sér fádæma hylli kunnra þjóðhöfðingja (Sveins tjúguskeggs — Ottós keisara). Þess utan prýða þá kristmar höfuðdyggðir — þó hvorugur sé lastalaus — og þeir eru að nokkru kristnir í háttum áður en þeir taka skírn. Hvortveggi tekur sér fyrir hendur að flytja guðs orð í föðurlandi sínu og boða fagnaðarerindið á fjárlægum

¹Hér og eftirlitðis verða tilvitnaðir í útgáfu, sem prenta forna íslenska texta stafrétt eða með samræmri stafsetningu forni, sniðnar að nútímasafsetningu og greinamerkjasetning höfð sem hentar.

slóðum. Þá hafa þeir báðir biskupa á sínum snærum sem styðja þá á ýmsa lund og setja m.a. ofan í við þá fyrir mannvíg. Loks enda þeir báðir ævi sína í fjarlægum landi, þar sem þeir stýra munklíffi.

Ýmis atriði önnur eru og sambærileg í þætti íslenska trúboðans og sögu konungsins. Eftir föstur og áheiti tekst Ólafi Tryggvasyni og öðrum mönnum Ottós keisara t.d. að kveikja eld í spónum og brenna niður Danavirki svo að þeir geta sótt inn í Danmörk og kristnað heiðingja; heiðingjar vilja hins vegar nota fjalldrapa til að brenna kirkju í Ási og vinna gegn kristni á Íslandi en verða frá að hverfa eftir misheppnaðar tilraunir, grátt leiknir af æðri máttarvöldum. Friðrekur biskup hrekur spámann Kodráns, föður Þorvalds, úr bústað hans, „miklum steini og vegligum“, með vígðu vatni og bænum (ÓsTm I:285) en Ólafur konungur og Sigurður biskup fara með „krossum og helgum dómum“ um heila trölla- og óvættabyggð í Naumudal, stökkva vígðu vatni á „björg og hamra“ og hrekja brott allar illar vættir og óhreina anda (ÓsTm II:142). Heiðnir menn, sem vilja Þorvald og Friðrek feiga, gera aðför að þeim en fuglar fæla hesta þeirra svo að þeir komast ekki á leiðarenda; heiðnir menn, sem magna upp þöku og fara að Ólafi konungi, missa átta í eigin gjörningaveðri og falla í hendur konungi.

Þessi þula ætti að nægja til að sýna hversu markvisst þátturinn af Þorvaldi og saga Ólafs konungs eru felld hvort að öðru. Í ÓsTm er þátturinn lokahlutinn í frásagnaröð af Íslandi, landnámsmönnum og niðjum þeirra sem rýfur frásagnir af Ólafi konungi svo hressilega að sögumaður skýtur upp kalli til að skýra hver tilgangurinn er:

En fyrir því er hér ritað af nökkurum landnámsmönnum, að það sýnist eigi óviðurkvæmilipt að geta í þessi frásögn nökkurra þeirra manna er hér hafa trúað á sannan guð fyrir en kristnin var lögtekin á Íslandi og segja hvernar ættar þeir menn hafa verið, svo sem það sé fyrirboðan eður tilruðning þess hins fagnaðarfulla umskiptis, sem eftir fer, að allt landsfólkið snerist frá fjandans vilju til sanns drottens þjónustu, svo að æ síðan hefir kristinn dómur haldist ... (ÓsTm I:268)

Atburðir úr heiðnum sið á Íslandi eru „fyrirboðan eður tilruðning“ kristnitökunnar. Þorvaldur víðförli ryður þá Ólafi Tryggvasyni braut líft og Jóhannes skírari Jesú Kristi. Það má m.a. marka af því að frásögnum af Þorvaldi og kristnum landnámsmönnum er skipað niður í ÓsTm eftir heimkomu Ólafs til Noregs og valdatöku hans, líft og Mattheusarguðspjall segir frá Jóhannesi skírara eftir að það hefur nefnt heimkomu Jesú frá Egyptalandi. Að auki er þess getið undir lok frásagna af Þorvaldi — eins og Sveinbjörn Rafnsson (1974:73) bendir á — að hann hafi reist munklíffi sitt í austurvegi „hjá þeirri höfuðkirkju er helguð er Johanne baptista“ (ÓsTm I:300).

Hinn óbeini samjöfnuður Þorvalds og Jóhannesar skírara minnir á játarasögur (um þær, sjá t.d.: Sverrir Tómasson 1992:465-79. Gad 1961: 39-69). Sömu sögu er að segja um frásagnir af heimkynnum hans og ættmennum, svo og lýsingar á dyggðum hans og kristnum kærleiksverkum meðan hann er enn heiðinn: hann gefur þurfaði það sem honum áskotnast í hernaði, leysir út hertekna og hjálpar meistöddum. Í ofanálag hefur Sveinn tjúguskegg svofelld orð um hann:

Finna man eg þann útlendan bóndason að einn hefir með sér, ef rétt virðing er á höfð, í engan stað minna göfugleik og sómasemd en vér allir þrír konungar ... Þessi maður er eg tala hér til er svo vitur sem spökum konungi hæfði að vera, styrkur og hugdjarfur sem hinn öruggasti berserkur, svo síðugur og göðháttuður sem hinn síðugasti spekingur. (ÓsTm I:283-4)

Ummælin má skilja sem spá stórmennis um játara, ekki síst í ljósi þess að seinna segir sögumaður um Þorvald:

... og flaug hans frægð fyrir alþýðu hvar sem hann kom að hann var virður og vegsamaður svo af minnum mönnum sem meirum sem einn stólpi og upphaldsmaður rétrar trúar og svo sæmdur sem dýrðarfullur játari vors herra Jesú Kristi af sjálfum Miklagarðskeisara og öllum hans höfðingjum og eigi stöður af öllum biskupum og ábótum um allt Grikkland og Sýrland. Allra mest var hann tignaður um Austurveg, þangað sendur af keisararum svo sem foringi eður valdsmaður, skipaður yfir alla konunga á Rússlandi og í öllu Garðaríki. (ÓsTm I:300)

Þar sem uppistaðan í þætti Þorvalds er trúboðsferð, líkist hann öðrum þræði sögum postula fremur en játara. Kraftaverk vinnur hann reyndar engin og ekki er að sjá að hann kynnist píslum þó að sögumaður ÓsTm segi hann verða fyrir „mörgum meingerðum og ofsóknum“ (ÓsTm I:296). Hið fyrrnefnda má skýra með því að hann fer með hlutverk Jóhannesar, sem ekki var kraftaverkamaður, hið síðarnefnda með því að munklífi hans jafngildi píslum svo sem títt er um einsetulíf í játarasögum.

Í Ólafs sögu Odds Snorrasonar er Ólafi Tryggvasyni lýst sem brautryðjanda Ólafs helga, sambandi þeirra kumpána líkt beinum orðum við samband Jóhannesar skírara og Jesú, auk þess sem greint er frá því að Ólafur Tryggvason hafi skírt nafna sinn barnungan. Sverrir Tómasson (1988:276) lýtur svo á að fyrir Oddi hafi vakað að sýna Ólaf Tryggvason sem helgan mann þannig að „helgi Ólafs Tryggvasonar“ væri „einn þáttur í dýrð Ólafs helga“ og norræn kristni fengi dýpri merkingu. Til þess hafi hann beitt alkunnum aðferðum helgisagnaritunar, fært helgisögu af einum manni yfir á annan, nýtt fyrirmyndir úr Jóhannesar sögu baptista o.fl.

Í Þorvalds þætti víðförla er sama aðferð og beitt er í Ólafs sögu Odds, sýnilega notuð til að veita Íslendingum sæmilegan hlut í kristnisögu Norðurlanda. Þorvaldur er forveri Ólafs Tryggvasonar sem aftur er forveri Ólafs Haraldssonar. Helgi hins síðastalda er óhugsandi án fyrirrennaranna tveggja rétt eins og þeir ljóma í krafti birtinnar sem stafar frá honum.

En í sömu mund og Þorvalds þáttur í ÓsTm felur að mynstri kristilegra trúarbókmennta, segir hann af norðlenskum sveitastrák sem leggur sitt til þjóðarsögunnar áður en hann skellir ‚heiminum‘ flötum að fótum sér. Þorvaldur er „rödd hrópandans“ sem uppsker árangur erfiðis síns þessa heims en ekki bara annars, öðlast gnótt fjár, fádæma mannvirðingar og vinsældir og lifir í ofanálag að trúboð hans og trúarstarf skila árangri. Hann er nokkurs konar ‚heimssöngvari‘ sinna tíma, stjarnan sem slær í gegn — að minnsta kosti sem persóna í sögu.

Þorvaldur er ekki nefndur í varðveittum íslenskum heimildum sem taldar eru samdar á 12. öld. Á hann er hvorki minnst í Íslendingabók Ara fróða né Ólafs sögu Odds munks, hins vegar er efniviðurinn í fyrstu fjórum köflum Kristni sögu í ýmsum meginatriðum samur og í þætti Þorvalds í ÓsTm. Sú skoðun hefur verið útbreidd að bæði ritin byggðu frásagnir af Þorvaldi á glataðri latínusögu Gunnlaugs Leifssonar um Ólaf konung Tryggvason enda er tvisvar vitnað til hennar í þættinum í ÓsTm (sjá t.d. Björn Magnússon Ólsen 1893:276 o.áfr.; Finnur Jónsson 1930: 123 og 128-131; Bjarni Aðalbjarnarson 1937:85-124).²

²Allt frá því er Björn M. Ólsen (1893:292) skrifaði ritgerð sína um Ara fróða, hafa ýmsir lítið svo á að latínuskotið mál og setningagerð í þætti Þorvalds víðförla í ÓsTm væru skýr vitnisburður um að heimildin væri latínusaga Gunnlaugs. Því hefur hins vegar verið vísað á bug með gildum rökum, m.a. með skrifskotunum til breytinga á stíl á 14. öld (Sjá t.d. Widding 1958:4-5).

Ólafur Halldórsson (1990:50), sem er gagnkunnugri ÓsTm en flestir aðrir, lítur svo á að ýmsir fræðimenn hafi notað sögu Gunnlaugs munks „som en slags skraldespand, hvori de har kastet det meste af det i ÓlTr [ÓsTm] de ikke med sikkerhed kendte kilden til.“ Hann leggur áherslu á að nú sé ekki með nokkurri vissu unnt að segja til um, hvaða póstar úr sögunni kunni að eiga rót sína að rekja til skrifta Gunnlaugs. Sjálfur er hann þó þeirrar skoðunar að það séu frekast þeir kaflar sem snúast um kristna landnámsmenn og ekki verða raktir til Landnámu, auk kafla um kristniboð Þorvalds og Friðriks og fyrstu heiðingjana er tóku kristni.

Tekið skal undir með Ólafi að seint verði sagt til um hvaða efni ÓsTm kunni að vera fengið úr sögu Gunnlaugs. En hins vegar er ástæða til að líta ögn nánar á hvenær og hvernig ritstjóri ÓsTm vitnar til Gunnlaugs í Þorvalds þætti. Fyrra sinnið gerist það við lok frásagnar af brúðkaupi Þorvalds og heimasættunnar að Haukagili í Vatnsdal, þar sem tveir berserkir skora á Friðrek biskup að „reyna við þá íþróttir þær sem þeir voru vanir að fremja, að vaða loganda eld með berum fótum...“ (ÓsTm I:289). Þegar Friðrekur hefur stökkt vígðu vatni á eldinn, berserkirnir eru brunnir og grafnir og Friðrekur kominn alheill út úr logunum segir sögumaður:

Penna atburð segir Gunnlaugur munkur að hann heyrði segja sannorðan mann, Glúm Þorgilsson, en Glúmur hafði numið að þeim manni er hét Arnór og var Arnórsarson. (ÓsTm I 1958:290)

Seinna vísar hann til Gunnlaugs er hann segir frá Mána hinum kristna:

Svo er sagt að Friðrekur biskup hafi skírt þann mann er hét Máni ... Hann bjó í Holti á Kólugumfnum. Hann gerði þar kirkju ... Hann átti veiðistöð í á þeirri er þaðan var skammt í brottu þar sem enn í dag heitir af hans nafni Mánafoß því að á nökkurum tíma þá er hallari var mikið og sultur, hafði hann ekki til að fæða hungraða. Þá fór hann til árinna og hafði þar noga laxveiði í hylnum undir fossinum. Þessa laxveiði gaf hann undir kirkjunni í Holti og segir Gunnlaugur munkur að sú veiður hafi þar jafnan síðan til legið. (ÓsTm I:296)

Í fyrra tilvikinu er engan veginn ljóst til hvers sögumaður vísar með orðunum „þenna atburð“. Hann kann að eiga við veisluna í heilu lagi en sennilegra er þó að hann eigi einvörðungu við keppni Friðreks biskups og berserkjanna í eldsgangi — og orðið *atburður* sé þá notað líkt og í jarteinasögum. Sé því svo farið segir skírskotunin ekkert um hvort Gunnlaugur Leifsson getur brúðkaupsveislu Þorvalds víðförla að Haukagili. Í síðara tilvikinu vísar sögumaður svo einvörðungu til Gunnlaugs um að veiði í Mánafoßi hafi legið undir kirkju í Holti síðan á dögum Mána. Máni tengist hins vegar ekki Þorvalds þætti nema í krafti orðanna „*Svo er sagt að Friðrekur biskup hafi skírt þann mann er hét Máni*“ (breytt letur BSK) — og af textanum verður ekki ráðið hvort það var Gunnlaugur sem sagði frá skírminni eða einhverjir aðrir.

Þar eð hvorug tilvísunin gefur ótvírætt til kynna að í Ólafs sögu Gunnlaugs hafi verið frásagnir af Þorvaldi víðförla, verður ráð fyrir þeim möguleika að þar hafi verið sagt frá Friðreki einum. Til þess er því ríkari ástæða sem Oddur Snorrason hefur engin orð um hinn íslenska brautryðjanda Ólafs Tryggvasonar í sögu sinni, eins og fyrr var nefnt, og að Íslendingabók nefnir Friðrek nokkurn, útlendan biskup, sem „kom í heiðni hér“ (Íslendingabók Landnámabók 1968:18) þó að hún geti Þorvalds í engu. Sömu sögu er að segja um Hungurvöku (sjá: Biskupa sögur I 1858:64).

Í elstu varðveittu Landnámabókum er Þorvaldur ekki nefndur enda þótt þar sé sagt frá ættföður hans Eilífi erni og afkomendum hans. Kristni saga kann

því að vera elsta „veraldlega sagnritið“ sem segir frá kristniboði hans.³ Hún er í Hauksbók, handritinu AM 371 4to frá 14. öld, og er þar skipað næst á eftir Landnámabók. Ýmsir hafa talið að hún hafi fylgt þeirri gerð Landnámu, sem kennir Sturlu Þórðarsyni (Sturlubók), í handriti, er Peder Resen átti og brann í Kaupmannahöfn 1728. Þá hefur og verið gert ráð fyrir að Sturla væri höfundur Kristni sögu, enda hafi hann ætlað sér að semja Þjóðarsögu allt frá upphafi landnáms til sinna eigin daga (sjá t.d. Jón Jóhannesson 1941:18 og 224; Sveinbjörn Rafnsson 1974:20-22). Ólafur Halldórsson (1981:42-8) hefur hins vegar hrakið röksemdir, sem færðar hafa verið fyrir því að Kristni saga hafi verið í Resensbók, svo að varðveisla sögunnar bendir naumast til að Sturla sé höfundur hennar. En eftir stendur að í Hauksbók er Landnámu og Kristni sögu skipað hlið við hlið og áþekkt aðferð er í raun notuð í ÓsTm, þar sem Þorvalds þátur er lokahlutinn í frásögnum af landnámsmönnum og miðjum þeirra á heiðinni tíð, eins og fyrr var nefnt. Og það vekur upp spurningar um hvernig 14. aldar menn — og eldri höfundar, sem þeir hafa sótt til — hafa skilið ákveðna þætti í Þjóðarsögunni og túlkað þá. Með tilliti til Þorvalds víðförla, er það ekki síst samleikur frásagna af Auði djúpúðgu og afkomendum hennar annars vegar og frásagna af komu Þorvalds og Friðreks í Hvamm hins vegar, sem stingur í augu.

Framan af eru frásagnir Sturlubókar, Hauksbókar og ÓsTm af Auði djúpúðgu í meginatriðum samhljóða. Að sögn þeirra er hún stödd á Katanesi þegar Skotar svíkjá Þorstein son hennar og vega. Hún lætur „gera knör í skógi á laun“ (ÓsTm I:270) og stýrir sínu fólki burt úr landinu. Sonardætur sínar giftir hún í Orkneyjum og Færeyjum, heldur því næst til Íslands, nemur land og útdeilir jörðum til afkomenda sinna og hjúa. Hún er ýmist sögð skírð eða kristin og „vel trúuð“ (ÓsTm I:139) og fer bæði í Sturlubók og ÓsTm með bænr sínar á Krosshólum þar sem hún lætur reisa krossa. En þegar Sturlubók hefur lýst bænahaldi hennar, bætir hún við:

Þar höfðu frændur hennar síðan átrúnað mikinn á hólana. Var þar þá gör hörg, er blót tóku til; trúðu þeir því, að þeir dæi í hólana, og þar var Þórður gellir leiddur í, áður hann tók mannvirðing, sem segir í sögu hans. (Íslendingabók Landnámabók 1968:139-140)

Þessi frásögn er ekki í ÓsTm þó að þar sé þess getið að afkomendur Auðar hafi reist hof á Krosshólum (ÓsTm I:273). Hún kynni hins vegar að hafa verið í Hauksbók. Um það verður þó ekkert sagt með vissu. Nú eru aðeins varðveitt 14 blöð úr skinnbókinni AM 371, 4to og þess utan uppskrift Jón Erlendssonar frá 17. öld. En er Jón gerði eftirrit sitt voru þegar týnd blöð úr skinnbókinni og hefst önnur af tveimur eyðum á eftir orðunum „Auður nam öll Dalalönd“ (Íslendingabók Landnámabók 1968:139).

ÓsTm og Sturlubók ber saman um að Auður hafi verið „gráfin í flæðarmáli“, þar eð „hún vildi eigi liggja í óvígðri moldu, er hún var skírð.“ (ÓsTm I:273; sjá og: Íslendingabók Landnámabók 1968:146-7) Þær eru einnig á einu máli um að afkomendur hennar hafi villst af réttu trú.

EKKI fer milli mála að biblíuyfirbragð er á frásögnum af Auði. Menn hafa fyrir margt löngu bent á að í lýsingunni á grefningu hennar í flæðarmáli, endurspeglit hugmyndin um að Jesú hafi helgað öll vötn veraldar þegar hann var skírður í Jórdan (sjá Paasche 1921:18-19; Stefán Karlsson 1976:481-88). Til viðbótar skal nefnt að Auður minnir í háttarni sínu á ættföður í gamla testamentinu, allt frá því að hún kemur kynkvísl sinni heilli á húfi frá Skotlandi

³Hér er miðað við rit sem allafafna hafa verið talin heyrta undir „veraldlega sagnritum“ en ekki Íslendinga sögu. Ólafur Halldórsson telur ÓsTm byggja á Kristni sögu.

þar til hún deyr. Mestu skiptir þó hér að hólmarnir, sem hún helgar drottni sínum í heimi Sturlubókar og ÓsTm, bera sama nafn og alþekkt *klettaborg* við Hvammsfjörð í heimi þeim sem kallast veruleiki — svo að líklegt er að orð Jósúabókar hafi sótt á ýmsa lesendur fyrr og nú: „Þá reisti Jósúa Drottni, Ísraels Guði, altari á Ebal-fjalli, ... altari af óhöggnum steinum, er járnól hafði ekki verið borið að...“ (Jósúabók 8, 30-32) Þennan helgistað vanvirða afkomendur Auðar með dýrkun heiðinna guða.

En hvaða augum ætli sagnritari á miðöldum hafi litið þá trú Hvammverja að þeir dæju í hólana? Taldi hann að í krafti hennar yrðu þeir yrðu hólpnari en ella af því að hólmarnir voru í öndverðu helgaðir guði? Eða leit hann svo á að með slíkri trú hefðu þeir bitið höfuðið af skómminni? Það er ekki gott að segja enda mun nokkru skipta hvaða sagnritara er um að ræða. Afstaðan í frásögn ÓsTm og Kristni sögu af heimsókn Porvalds víðförla og Friðreks í Hvamm virðist hins vegar skýr. ÓsTm segir svo:

Þeir biskup og Porvaldur lögðu á alla stund með hinu mesta kostgæfi að leiða sem flesta menn guði til handa, eigi aðeins þar í næstum sveitum heldur fóru þeir víða um Ísland að boða orð guðs. Þeir komu vestur í Hvamm í Breiðafjarðardölum um alþingi. Þórarinn bóndi var eigi heima en Friðgerður húsfreyja, dóttir Þórðar frá Höfða, tók vel við þeim í fyrstu. Porvaldur taldi þar trú fyrir mönnum en Friðgerður blótaði meðan inni og heyrði hvort þeira annars orð. Friðgerður svaraði orðum Porvalds fá og þó illa en Skeggi son þeira Þórarins hafði í spotti orð Porvalds. Þar um orti Porvaldr vísu þessa:

För eg með dóm en dýra
[...]

Ekki er þess getið að nokkurir menn í Vestfirðingafjórðungi kristnaðist af þeira orðum. En norður í sveitum, er þeir fóru þar yfir, tóku rétta trú nokkurir göfgir menn, Ónundur í Reykjadal son Þorgils Grenjaðarsonar og Hlenni af Saurbæ í Eyjafirði og Þorvaldur í Asi við Hjaltadal. Bróðir Þorvalds hét Arngeir og annar Þórður. Hann var son Spak-Böðvars Öndóttssonar landnámmanns er bjó í Viðvík. Þessir og enn fleiri menn urðu fullkomliga kristnir í Norðlendingafjórðungi en þeir voru margir, þó að þá léti eigi skfrast að sinni, að trúðu Kristi og fyrirlétu skurðgoðablót og allan heiðinn sið og viði eigi gjalda hofþolla. (ÓsTm I:290-91)⁴

Hér sækja Hvammverja heim tveir menn er reka guðs erindi og ber hvor um sig nafn í samræmi við einkenni sín og hlutverk — líkt og ýmsar ‚hetjur‘ gamla testamentisins — *Porvaldur* (sá sem veldur/ræður við Þór) og *Friðrekur* (sá sem boðar frið). Sá fyrrnefndi er í ofanálag frá bænum *Giljá*, sem með fornum framburði hefur hljómað merkilega líkt og *Gilgal*, einn helsti helgistaður gamla testamentisins. Þeir félagar flytja guðsorð, sem heimamenn í Hvamm spotta ýmist eða svara með ákalli heiðinna guða. Og þar sem áður hefur komið fram að hof hafi verið reist í Krosshólum, vantar í rauninni ekkert annað en setninguna: „Og Ísraelsmenn gjörðu það, sem ilt var í augum Drottins, og gleymdu Drottni, Guði sínum ...“ (Dómarabókin 3,7-8) með viðeigandi útlistun á því hvernig Drottinn hegndi sínum lýð — til að þekkt frásagnarmynstur gamla testamentisins blasi við. En rétt eins og ÓsTm sýnir aðeins með niðurskipan efnis og einni athugasemd um kirkju að Porvaldur er hliðstæða Jóhannesar skirara, segir hún ekki berum orðum hvernig refsing guðs hafi komið yfir Hvammverja og aðra heiðingja úr Vestfirðingafjórðungi. Ritstjórinn virðist hins vegar hafa talið

⁴ Í flestum meginatriðum er frásögnin í Kristni sögu söm og í ÓsTm enda þótt hún sé styttri og stíll hennar annar (sjá: Biskupa sögur í 1858:6). Nefnt skal sérstaklega að Kristni saga segir Friðgerði vera í hofi að blóta og kveður Skeggja hafa hlegið að Þorvaldi og Friðreki; loks telur hún ekki upp nöfn göfugra Norðlendinga er taka trú fyrir tilstilli þeira féлага.

að víg Kjartans Ólafssonar, afkomanda Auðar djúpúðgu, væri sú tyftun er guð kaus niðjum hennar. Vegendur Kjartans, synir Ósvífurs Helgasonar að Laugum, sekja trúboðann Stefni Þorgilsson að sögn ÓsTm og hljóta að launum forspá hans um að þeim muni „að hendi koma mikil ógifta og hamingjuleysi“ (ÓsTm I:311). Þannig mæstast í aðförinni að Kjartani, niðji Auðar sem er veginn fyrir misgerðir feðranna mót guði og fyrsta íslenska trúboðanum, og frændur hans heiðnir úr Vestfirðingafjórðungi, reyndar afkomendur Bjarnar austræna, bróður Auðar, sem brotið hafa gegn guði og öðrum íslenska trúboðanum. Til að kóróna allt saman segir Ólafur konungur fyrir örlög Kjartans:

Mikið er að Kjartani kveðið og að sumum kynsmönnum hans og er það oft mikill harmur er eigi má gera við forlögum mannsins. (ÓsTm II:210)

en sögumaður bætur seinna við:

Fyrir víg Kjartans urðu Ósvífurssynir allir sekir og gefið fé til utanferðar og kom engi þeirra út síðan. Og kom þá fram það er fyrir sagði Stefni Þorgilsson frændi þeirra þá er þeir sektu hann á alþingi fyrir kristniboð sem fyrr er sagt. Og eigi síður fylldist það, er Ólafur konungur mælti að skilnaði þeira Kjartans, að Bolla var mikið atkvæði og óhamingja í verki þessu. (ÓsTm II:212)

Í Laxdælu, sem nýtt er í ÓsTm, er ekki vikið að kristni Auðar/Unnar djúpúðgu og þar er hvorki Þorvaldur víðförli né Stefni nefndur á nafn — og skortir þó sist kristinn siðabodskap og táknmál í þeirri sögu. Í Kristni sögu er hvorki sagt frá Auði djúpúðgu né vígi Kjartans Ólafssonar. Það er hins vegar gert í Landnámutexta Hauksbókar — sem fer eins og áður er nefnt á undan Kristni sögu í handritinu — en þar er ekki minnst einu orði á Stefni Þorgilsson, ekki fremur en Þorvald víðförli. Hvernig á þá að skilja frásögn Kristni sögu af heimsókn Þorvalds og Friðreks í Hvamm? Felst í henni áþekkur skilningur og virðist felast í frásögn ÓsTm af sama atburði? Eða var sá sem setti saman Kristni sögu alls ekki með afkomendur Auðar djúpúðgu og Vestlinga á 11. öld í huga — heldur kanski Hvammverja á 12. eða 13. öld? Er jafnvel hugsanlegt að hann hafi viljað beina skeytum sínum að Staðarhólmsmönnum, afkomendum Álfs úr Dölum, og andstæðingum Hafliða Mássonar?

Hér gefst ekki kostur á að svara spurningum af þessu tagi. En á hitt skal lögð áhersla, að frásagnir af Þorvaldi víðförli í ÓsTm og ekki síður sagnir af Auði djúpúðgu í Landnámu, eru prýðilegt dæmi um hvernig Íslendingar á miðöldum nýttu trúarbókmenntir er þeir skópu sögu sína; hvernig helgisögur og biblíu-sögur urðu Íslandssaga.

Svo virðist sem Breiðfirðingar hafi snemma hugsað fyrir því að þeirra hlutur yrði ekki fyrir borð borinn í kristinni þjóðarsögu. Að sögn Ara fróða er Auður djúpúðga formóðir hans sjálfs og Þorláks Skálholtsbiskups (Íslendinga-bók Landnámabók 1968:26–28) en samkvæmt Sturlubók — og hugsanlegu forriti hennar? — er hún ein af örfáum alkristnum landnámsmönnum og hólar helgaðir guði á landareign hennar. Fyllsta ástæða er til að ætla að á einhverju stigi mála hafi ritfærur Húnavetningum, t.d. munkum á Þingeyrum, ofboðið hvað Breiðfirðingar lögðu þjóðarsöguna að eigin þörfum og nýttu sér í því skyni jafnt heilaga ritningu sem vensl við kirkjunnar menn. Og þá hafa þeir vísat gert út af örkinni, félagana Þorvald víðförli og Friðrek, ekki bara til að reka erindi guðs, heldur til að ryðja braut nýjum söguskilningi — í fylgd með sögumanni sem vandaði ekki Vestlingingum kveðjurnar.

Það kynni að hafa verið um það leyti sem Hvamms-Sturla átti í útistöðum við klerkin Pál Sölvason, en það gæti líka hafa gerst þegar synir og sonarsynir hans tóku að falla í vopnaviðskiptum 13. aldar. En málið snýst ekki aðeins um hvar og hvenær tiltekna miðaldafrásagnir urðu til. Ekki er minna um vert

hvernig þær urðu til, í samspili innlendra og erlendra bókmennta, í átökum um sögutúlkun og söguskilning, meðal fólks sem gerði sér ljóst að veruleikinn er ekki allur þær sem hann er séður, heldur getur húnvetnskur bóndasonur verið jafnangi þriggja konunga og klettaborg breyst í altari „ef rétt virðing er á höfð“.

Hefmildir

A Útgefur

- Íslendingabók Landnámabók*. 1968. Fyrri hluti. Jakob Benediktsson gaf út. Íslensk fornrit I, 1. Reykjavík
- Biblían*. 1978. Útg. Hið íslenska biblíufélag. Reykjavík
- Biskupa sögur I*. 1858. Gefnar út af hinu íslenska bókmentafélagi. Kaupmannahöfn
- Laxdæla saga*. 1993. Útg. Aðalsteinn Eypórsson og Bergljót S. Kristjánsdóttir. Sígildar sögur 3. Reykjavík
- Oddr Snorrason. 1932. *Saga Óláfs Tryggvasonar*. Udg. Finnur Jónsson. København.
- Ósm= Óláfs saga Tryggvasonar en mesta I–II. 1958–61. Udgivet af Ólafur Halldórsson. Editiones Arnarnænar. Series A, vol. 1–2. København

B Eftirheimildir

- Bjarni Aðalbarnarson. 1937. *Om de norske kongers sagaer*. Skrifter utgitt av Det norske videnskabs-akademi i Oslo. II. Hist. Filos. Klasse 1936. no 4. Oslo
- Björn Magnússon Ólsen. 1893. *Om Are frode. Aarbøger for nordisk oldkyndighed og historie*, II. række, 8. bind, 207-352
- Finnur Jónsson. 1930. Óláfs saga Tryggvasonar (hin meiri). *Aarbøger for nordisk oldkyndighed og historie*, III. række, 20. bind, 119-138
- Gad, Tue. 1961. *Legenden i dansk middelalder*. København
- Jón Jóhannesson. 1941. *Gerðir Landnámabókar*. Reykjavík
- Ólafur Halldórsson. 1981. Rómversk tala af týndu blaði úr Hauksbók. *Jóansbolli færður Jóni Samsonarsyni fimmtugum*. Reykjavík, 42-48
- Ólafur Halldórsson. 1990. Lidt om kilderne til Den store saga om Olav Tryggvason. *Selskab for Nordisk Filologi. Årsberetning 1987-1989*. København, 46-57
- Paasche, Fredrik. 1921. *Fra Den norrøne kristendoms ældste historie. Norvegia sacra*. Aarbok til kunnskap om den norske kirke i fortid og samtid 1. Kristiania
- Stefán Karlsson. 1976. Greftrun Auðar djúpúðgu. *Minjar og menntir*. Afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárni. Reykjavík, 481-488
- Sveinbjörn Rafnsson. 1974. *Studier i Landnámabók*. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia. Bibliotheca Historica Lundensis XXXI. Lund
- Sverrir Tómasson. 1988. *Formálar Íslenskra sagnaritara á miðöldum*. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Rit 13. Reykjavík
- Sverrir Tómasson. 1992. Kristnar trúarbókmenntir í óbundnu máli. *Íslensk bókmenntasaga I*. Ritstj. Vésteinn Ólason. Reykjavík, 419-479
- Widding, Ole. 1958. Ave Maria eller Maríuvers i norrøn litteratur. *Maal og minne* 1958:1-7